

**Nd.**

**546. Nefndarátt**

um frv. til laga um heimild fyrir veðdeild Landsbanka Íslands til að gefa út nýja flokka (seriur) bankavaxtabrjefa.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin er sammála um að mæla með því, að stjfrv. þetta nái fram að ganga. Nú eru aðeins eftir ólánaðar um 2 milj. kr. bankavaxtabrjefa af þeim 10 milj. kr., sem heimilað var að gefa út samkvæmt lögum nr. 26 frá 1926, og eru þegar lánbeiðnir fyrirbyggjandi hjá veðdeildinni fyrir þessari upphæð, sem ekki hafa enn verið afgreiddar. Eigi því ekki veðdeildarlán að stöðvast með öllu, ber nauðsyn til að samþykkja heimildarlög um útgáfu nýrra flokka bankavaxtabrjefa.

Hinsvegar er viðhorf nefndarmanna gagnvart veðdeildiinni og fasteignalánum yfirleitt nokkuð mismunandi, og mun það nánar skýrt, er málið kemur fyrir í deildinni. Meiri hluti nefndarinnar (S. E., Ó. Th., Hj. V.), telur þó nauðsynlegt, að ríkisstjórnin hlutist til um, að fje verði fyrir hendi til kaupa á bankavaxtabrjefum, meðan þessi skipun er á fasteignalánum, svo að gengi brjefanna falli ekki langt niður og kjör lántakenda versni að mun frá því sem nú er. Mundi verða nauðsynlegt, að slíkt fje væri fengið að láni á sumri komanda, og mun við 3. umr. verða flutt brtt. við frumvarpið, er veiti ríkisstjórninni svipaða lántökuheimild eins og var í lögum nr. 26 frá 1926. Telur meiri hlutinn mjög varhugavert að fresta slíkri lántöku, vegna áhrifa þeirra á fasteignalán öll í landinu, sem það hefði í för með sér.

Minni hlutinn (H. Stef., H. J.) telur ekki ástæðu til slíkrar lántökuheimildar sem stendur, en vill samþykkja frv. óbreytt.

Alþingi, 20. mars 1928.

Halldór Stefánsson,	Hjediinn Valdimarsson,
form.	frsm., fundaskrifari.
Hannes Jónsson.	Sig. Eggerz. Ólafur Thors.